



Hreppsnefnd 30.12.04

Hreppsnefndarfundur fimmtudaginn 30. des
2004 kl. 12.00 í félagsheimilinu Miklagarði.

Mættir voru Aðalbjörn Björnsson, Börn Halldórsson, Steindór Sveinsson, Bragi Vagnsson, Emil Sigurjónsson, Borghildur Sverrisdóttir og Björn H. Sigurbjörnsson.

Jafnframt var mættur sveitarstjóri Þorsteinn Steinsson, sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. mál. Fundargerð hreppsnefndar frá 9. des. sl.
Fundargerð hreppsnefndar frá 9. des. sl. lögð fram .
Fundargerðin síðan samþykkt samhljóða með 7 atkv.

2. mál Bréf Óbyggðanefndar frá 17. des. sl., varðandi kröfur fjármálaráðherra fyrir hönd ríkisins um þjóðlendur á Norðausturlandi.

Lagt fram Bréf Óbyggðanefndar frá 17. des. sl., þar sem nefndin kynnir kröfur fjármálaráðherra um þjóðlendur á Norðausturlandi.

Jafnframt lagðar fram kröfur fjármálaráðherra fyrir hönd ríkisins um þjóðlendur á Norðausturlandi dags. 16. des. 2004.

Með bréfi dagsettu 1. mars 2004 var fjármálaráðherra tilkynnt, að óbyggðanefnd hefði ákveðið að taka til meðferðar sem svæði V, Norðausturland. Það landsvæði sem hér um ræðir afmarkast svo: Að vestan afmarkast svæðið af meginfarvegi Jökulsár á Fjöllum, allt frá Jökulsárósi í Öxarfirði og að aðalupptökum árinna í Dyngjujökli. Þaðan er jaðri Dyngjujökuls fylgt þar til komið er vestur undir Kverkfjöll á Hveradal og þaðan er dregin lína áfram í suður, til skurðar við línu þá á Vatnajökli sem afmarkar svæðið til suðurs.

Að austan afmarkast svæðið af farvegi Lagarflióts allt frá ósum þess á Héraðssandi þangað sem Gilsá rennur í það. Síðan fylgja mörk svæðisins Gilsá og austurmörkum Fljótsdalshrepps við Austur Hérað, Djúpavogshrepp og sveitarfélagið Hornafjörð.

Framangreind afmörkun til austurs endar í Geldingafelli. Þaðan er dregin lína til suðvesturs inn á Vatnajökul, yfir hnjúk í 1438 m hæð og áfram í Grendil, þaðan í nafnlausan hnjúk skammt sunnan Grendils, áfram yfir Goðahnjúka og í miðja Breiðubungu og loks á stefnu á Svíahnjúk eystri til skurðar við framangreind vesturmörk.

Afmörkun á Vatnajökli byggir á markalínum þeim sem samvinnunefnd um svæðisskipulag miðhálandis Íslands hefur notað við vinnu sína.

Að norðan afmarkast svæðið af hafi.

Landsvæði er lýtur að Vopnafjarðarhrepp er tilgreint með eftirfarandi hætti:

VOPNAFJARÐARHREPPUR.

Vopnafjörður gengur frá norðaustri suðvestur í landið og í kringum hann og upp frá honum eru víð og fögur lönd, og hafa um alla sögu verið eitt hreppsfélag. Þetta er einn stærsti hreppur á landinu. Mikill fjöldi fjár hefur gengið á afréttum Vopnfirðinga. Liggja þessir afréttir allt í kringum sveitina frá Kollumúla yst, austan fjarðarins (málvenja), suður um Smjörfjöll, á miðja Smjörvatnsheiði, að hinu mikla Sandfelli, norðan við Sandfell í Gilsárbotna, yfir Skjaldklofa, sem er skammt fyrir norðaustan Heiði við Jökuldal, utanvert við Möðrudalsöræfi, að Dimmufjallgarði og norður með honum, að Stakfelli innst á Þistilfjarðarheiði, meðfram Miðfjarðará, er fellur til sjávar á miðri strönd, að Hágangalæk, er fellur úr Kistufelli norður í Miðfjarðará rétt vestan við Háganga syðri, um Háganga ytri, og út á Digranes norðan fjarðarins.

Á einu svæði kringum sveitina eru engar afréttir, en það er á svæðinu frá Gljúfursá, um 5 km fyrir

utan Krossvík á Vopnafjarðarströnd eystri, að Selá, sem fellur skammt frá Refsstað ofan úr fjöllum, en þetta svæði og nokkru innar er nefnt í daglegu tali “Undir Fjöllum”, þ.e. af fjallgarðinum mikla og breiða, sem skilur Vopnafjörð og Hérað. Fjöll þessi eru á þessu svæði klettafjöll, hin sérkennilegu og fögru Krossavíkurfjöll, en heita þó ýmsum sérheitum af bæjunum, sem undir þeim standa fyrir innan Krossavík. Byggðin á austurströnd Vopnafjarðar, fyrir utan Krossavík er nefnd Dalir, af dölunum miklu, sem ganga inn í fjöllin, Fagradal og Böðvarsdal. Á norðurströnd Vopnafjarðar heitir byggðin Strönd, en Sandvíkurheiði skilur á milli Vopnafjarðar og Langanesstranda

Öllum þessum Vopnafjarðarlöndum er skipt niður í ákveðin og afmörkuð leitarsvæði, og ber hvert sitt nafn.

Í tilkynningu frá Óbyggðanefnd dags. 16. des. sl. skorar nefndin á þá er telja til eignarréttinda, sbr. 2. málsgrein 10. gr. laga nr. 58/1998 sbr. lög nr. 65/2000, á því landsvæði sem fellur innan kröfusvæðis ríkisins, að lýsa kröfum sínum skriflega fyrir Óbyggðanefnd innan þriggja mánaða frá útgáfudegi þess tölublaðs Lögbirtingablaðs sem tilkynning Óbyggðanefndar birtist í.

Töluverðar umræður urðu um fyrirliggjandi gögn og þá miklu hagsmuni sem kunna að vera í húfi.

Fram kom tillaga um að vísa framlögðum gögnum í heild til umfjöllunar í landbúnaðarnefnd sveitarfélagsins. Málið komi síðan til endanlegrar umfjöllunar í hreppsnefnd. Ennfremur kom fram tillaga um að semja við Lögmennt Suðurlands um að fara með málin fyrir hönd Vopnafjarðarhrepps.

Hreppsnefndarmenn lýstu mikilvægi þess að vel yrði unnið að þessum málum frá upphafi og að fengnir yrðu til starfans þeir aðilar sem mesta reynslu hefðu í landinu í málum af þessum toga. Hreppsnefnd samþykkti síðan samhljóða fyrirliggjandi tillögur.

3. mál. Drög að tillögum sveitarstjórnar um úthlutun á byggðakvóta á 35 þorskígildistönum, sem sveitarfélagið fékk úthlutað.

Lögð fram drög að tillögum að úthlutun byggðakvóta sem sveitarfélagið fékk úthlutað vegna kvótaársins 2004/2005, alls 35 þorskígildistönn.

Önnur tillagan, “tillaga I” gengur út á það að ekkert skip stærra en 1000 brúttótonn fái úthlutað afla og ekkert skip fái meira en 15 þorskígildistönn. Í þessari tillögu fá öll skip og bátar, sem fengu úthlutað aflamarki eða krókaflamarki 1. sept. sl., nema Sunnuberg hlut í byggðakvótanum í samræmi við meðfylgjandi töflu.

Hin tillagan “tillaga II” gengur út á það að ekkert skip stærra en 900 brúttótonn fái úthlutað út úr byggðakvóta, sem þýðir að hvorki Brettingur né Sunnuberg fá úthlutun. Byggðakvóti skiptist því alfarið á milli smábátanna sem fengu úthlutun kvóta við upphaf kvótaárs 1. sept. sl. Engin bátur fær þó meira en 15 þorskígildistönn.

Báðar tillögurnar ganga út frá þeirri reglu að kvótinn verði veiddur og honum landað á Vopnafirði til vinnslu.

Í báðum tillögum skal sækja sérstaklega um kvótann og gera grein fyrir hvernig viðkomandi hyggist nýta úthlutaðan kvóta. Komi til þess að kvótinn gangi ekki allur út í þeirri yfirferð, skal skipta honum hlutfallslega milli þeirra báta sem hyggjast veiða hann til vinnslu á Vopnafirði.

Miklar umræður urðu um þessi mál og lýstu hreppsnefndarmenn sjónarmiðum sínum. Hreppsnefnd samþykkti síðan að farið yrði að fyrirliggjandi “tillögu I” með þeirri breytingu að miðað yrði við aflamark báta miðað við 31.12.2004, en ekki 1. sept. 2004.

Afgreiðsla þessi var samþykkt með 6 atkv.

Björn H. Sigurbjörnsson sat hjá við afgreiðslu málsins.

4. mál. Svarbréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins dags. 16. des. sl., við bréfi Vopnafjarðarhrepps varðandi lögreglumál á Vopnafirði.

Lagt fram bréf Vopnafjarðarhrepps dags. 11. okt. sl., til ráðuneytisins varðandi lögreglumál.

Jafnframt lagt fram svarbréf ráðuneytisins dags. 16. des. sl. Í því virðast vera litlar lausnir fyrir Vopnafjarðarhrepp hvað þessi mál varðar.

Miklar umræður urðu um þetta mál og var samþykkt að senda sýslumanni svarbréf Dóms -og kirkjumálaráðuneytis og krefjast svara hans um hvernig hann komi til með að leysa lögreglumál á Vopnafirði á grundvelli svars ráðuneytisins.

5. Hluthafafundur Tanga h/f , sem boðaður hefur verið kl. 14.00 þann 6. janúar nk. Stjórn Tanga h/f hefur ákveðið að boða til hluthafafundar fimmtudaginn 6. janúar nk. kl. 14.00 í Kaupvangi á Vopnafirði. Á dagskrá fundarins verður samrunaáætlun sem stjórn Tanga h/f samþykkti á fundi sínum 23. nóv. sl. um samruna HB Granda h/f Tanga h/f, Bjarnareyjar ehf. og Svans RE-45 ehf.

Hreppsnefnd samþykkt að sveitarstjóri Þorsteinn Steinsson fari með umboð Vopnafjarðarhrepps á fundinum.

6. mál. Ýmis mál og fundargerðir

a) Bréf Skeggjastaðahrepps frá 6. des. sl., varðandi samþykkt sveitarfélagsins um sameiningarmál. Lagt fram til kynningar.

b) Bréf félagsmálaráðuneytisins dags. 8. des. sl., varðandi breytingu á lögum um húsnæðismál. Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki gert og fundi slitið.